

## 89. ársþing UMSK – Þinggerð

89. ársþing UMSK var haldið fimmtudaginn 28. febrúar 2013 kl. 18.00 í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi.

### 1. Þingsetning

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þingsins. Hann flutti ávarp og sagði meðal annars að starfsárið væri búið að vera viðburðarríkt enda ástæða til þar sem sambandið varð 90 ára þann 19. nóvember. Af því tilefni tók sambandið að sér mótshald á 2. Landsmóti UMFÍ fyrir 50 ára og eldri. Jafnframt var efnt til afmælishátíðar í Kópavogi þar sem m.a. fyrstu kaflarnir í nýritaðri sögu UMSK voru opinberaðir. Það er nauðsynlegt að skrá söguna og við viljum áfram hvetja aðildarfélögin til að huga að sinni söguritun og leita styrkja til UMSK í því sambandi. Í stað þess að senda verkefni til aðildarfélaganna þá höfum við á síðustu árum leitað til aðildarfélaganna varðandi verkefni sem gæti gagnast þeim að sambandið færi í. Má þar m.a. nefna síðareglur, sundmót, línudanskeppni, ánægjukönnun og nú síðast á laugardaginn, Bocciamót fyrir 50+.

Ánægjukönnunin var upphaflega samstarfsverkefni milli UMSK og ÍBR en til að fá betri samanburð var leitað eftir samvinnu við ÍSÍ og UMFÍ með það í huga að fá öll íþróttafélög inn í könnunina. Í framhaldi af því kom styrkur frá Menntamálaráðuneytinu þannig að kostnaður UMSK var einungis við úrvinnslu fyrir UMSK og aðildarfélögin, um 300.000 kr. Könnunin var unnin af „Rannsókn og greining“ sem tengist Háskólanum í Reykjavík. Þarna eru allir nemendur í 8. til 10. bekk grunnskólanna spurðir um íþróttaiðkun og álit á sínum félögum. Félögin á UMSK svæðinu koma mjög vel út og skora hátt miðað við landsmeðaltal þegar skoðað er ánægja með félagið og afstaða til reikinga og vímuefnaneyslu. Í daglegu tali er talað um „Ánægjukönnun“. Þar sem mæld er ánægja iðkenda með sín félög, þjálfara, aðstöðu og svo framvegis. Það má rétt eins kalla þetta „Árangursmælingu“, það sem skýrt kemur fram að þeir sem standa að rekstri íþróttafélaga á UMSK svæðinu eru að standa sig vel og forvarnargildi starfsins er skýrt. Höldum áfram á þessari braut og gleymum ekki að nýta okkur þessar niðurstöður til að þrýsta á enn frekari fjárveitingar frá ríki og sveitarfélögunum. En við skulum ekki láta þar við standa og fyrir þinginu liggur tillaga um að hvetja UMFÍ og ÍSÍ til þátttöku í þessari könnun með okkur á tveggja ára fresti. Valdimar minnti þingheim á að standa vörð um lottóið, sérstaklega á þessum tímum, þegar forsvarsmenn listamanna sem fá árlega 6 milljarða tékka frá ríkisvaldinu, ásælast þetta fjáröflunarfyrirtæki okkar.

### 2. Kosning þingforseta

Formaður lagði fram tillögu að þingforseta, Ingimar Sigurðssyni. Tillaga um þingforseta samþykkt.

### 3. Kosning þingritara

Þingforseti tók til starfa og bar fram tillögu um þingritara, Margréti Björnsdóttur. Tillaga um þingritara samþykkt.

### 4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd, þau Hafstein Örn Guðmundsson, Hvönn, Magnús Jakobsson, Breiðabliki og Írisi Ósk Hafþórsdóttir, Álftanesi.

Tillaga um kjörbréfanefnd samþykkt.

### 5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Þingforseti kvað þingið rétt boðað eða samkvæmt 4. gr. laga UMSK.

Þingforseti gaf formanni, Valdimar Leó Friðrikssyni orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Formaður rakti það helsta í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsári, helstu viðburði sem sambandið tók þátt í.

6. Því næst voru endurskoðaðir reikningar lagðir fram. Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK las upp reikningana og útskýrði.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur á árinu kr. 58.271.716. Hagnaður var á árinu kr. 576.657 sem stjórn leggur til að yfirfærast til næsta árs.

## 7. Ávörp gesta

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSí

Hann flytur kveðju framkvæmdastjórnar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands til þingsins.

Ólafur þakkar mjög góða skýrslu sem væri til fyrirmyndar og væri merki um vel rekið samband. Hann minntist sérstaklega á áherslu UMSK um söguritun því það væri mikilvægt að halda til haga sögunni. Hann kom inná ánægjuvogina sem var samstarfsverkefni ÍSí og UMFÍ. Hvatti hann menn til að taka lýðræðislega ákvörðun á þinginu.

Ólafur veitti Margréti Björnsdóttur Gullmerki ÍSí, Siglingafélaginu Ými fyrir áratuga langt starf fyrir félagið og UMSK.

Jón Pálsson, stjórn UMFÍ

Óskar UMSK til hamingju með glæsilega skýrslu sem ber vott um gott starf.

UMFÍ hefur átt gott samstarf við UMSK. Þakkir fyrir frábæra frammistöðu UMSK og aðildarféлага við allt utanumhald landsmóts 50 ára+ sem haldið var í Mosfellsbæ sl. sumar.

## 8. Álit kjörbréfanefndar

Hafsteinn Örn Guðmundsson, formaður kjörbréfanefndar las upp kjörbréf aðildarféлага. 43 félög eru aðildarfélög að UMSK og lögðu 21 félag fram kjörbréf samtals 92 þingfulltrúar mættir af eithundrað fimmtíu og fjórum sem seturétt hafa á þinginu. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt. Að öðru leyti eru kjörbréfin í góðu lagi.

## 9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Valdimar Leó Friðriksson fór yfir umsóknir fjögurra nýrra félaga að sambandinu. Stjórn UMSK hefur yfirfarið þau og staðfest og sömuleiðis hefur ÍSí samþykkt löggin. Óskað var eftir staðfestingu þingsins.

Félögin eru:

### **Hestamannafélagið Sprettur**

Heimilisfang : Kópavogur

Markmið: Markmið félagsins er að efla áhuga á hestum og hestaíþróttum, stuðla að góðri meðferð hesta og gæta hagsmuna félagsmanna.

### **Knattspyrnufélagið Skínandi**

Heimilisfang: Garðabær

Tilgangur félagsins er iðkun knattspyrnu. Félagið leggur sérstaka áherslu á að veit ungu knattspyrnufólki tækifæri til að þroskast of eflast sem íþróttamenn.

### **Knattspyrnufélagið Vatnaliljur**

Heimilisfang: Kópavogur

Tilgangur félagsins er að stunda knattspyrnu og að efla og iðka íþróttir og aðra félagsstarfsemi, eftir því sem áhugi félagsmanna og áðstæður félagsins leyfa hverju sinni.

### **Bogfímifélagið Boginn**

Heimilisfang: Kópavogur

Tilgangur félagsins er iðkun íþrótta félagsins með æfingum og keppni. Þingið staðfesti aðild félaganna.

#### **10. Umræður um skýrslu stjórnar**

Þingforseti bar skýrslu stjórnar undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóma.

#### **11. Umræðu og atkvæðagreiðsla um reikninga**

Þingforseti opnaði umræður um reikningana UMSK. Reikningar bornir upp til samþykktar. Þeir voru samþykktir samhljóma.

#### **Afhending viðurkenninga**

##### **Viðurkenningar á 89. ársþingi UMSK:**

Næst var afhending viðurkenninga til afreksmanna á sviðum íþrótta- og félagsmála. Valdimar Leó Friðriksson, formaður og Ester Jónsdóttir, varaformaður, afhentu eftirtaldir viðurkenningar:

##### **Afreksbikarar:**

###### **1. UMFÍ bikarinn og fimleikabikarinn – Gerpla meistaraflokkur kvenna**

Meistaraflokkur Gerplu í kvennaflokki skipaði landslið Íslands í hóp fimleikum sem lagði upp með stór markmið á árinu, að verja Evrópumeistaratitilinn frá árinu 2010. Stúlkurnar í hópnum stóðu saman og unnu markvisst að markmiðinu sem náðist svo eftirminnilega í október síðastliðnum og er liðið fyrsta kvennaliðið sem hefur varið Evrópumeistaratitil í fullorðinsflokki kvenna. Gerplustúlkur eru handhafar allra titla innanlands sem erlendis. Þær voru valdar lið ársins hjá íþróttafréttamönnum ásamt því að vera lið ársins hjá Kópavogsbæ. Þá er Íris Mist Magnúsdóttir „Fimleikakona ársins“, „Íþróttakona Kópavogs“ og var hún einnig á lista íþróttafréttamanna yfir 10 bestu íþróttamenn ársins.

###### **2. Sundbikar UMSK – Guðný Erna Bjarnadóttir - Breiðabliki**

Guðný Erna er með þriju stigahæstu sundin skv. FINA stigum í sínum flokki hjá sunddeildinni. Hún hefur mætt á allar æfingar í vetur og er mjög góð fyrirmynd, góður fyrirliði, jákvæð og góður félagi. Guðný Erna keppti með íslenska landsliðinu í sundi á Smáþjóðaleikunum á Andorra sl. sumar og er við það að ná fleiri lágmarkum á alþjóðleg mót.

###### **3. Skíðabikar UMSK – Erla Ásgeirsdóttir – Breiðabliki**

Erla hefur æft skíði frá 1999 hjá Breiðablik. Síðastliðin vetur keppti Erla á 25 FIS mótum erlendis og náði 67,52 punktum í svigi sem er góður árangur og 103,63 punktum í stórsvigi. Erla keppti einnig á bikarmóti í Hlíðarfjalli 31. Mars og hafnaði í 2. sæti í flokki 17-19 ára og 3. Sæti í flokki fullorðinna. Á skíðalandsmóti Íslands var hún í 3 sæti í stórsvigi kvenna og Íslandsmeistari í 17 -19 ára. Erla býr í Geilo í Noregi þar sem hún stundar nám í skíðamenntaskóla og getur æft íþróttina við bestu aðstæður. Erla er í A landsliði Íslands á skíðum.

###### **4. Dansbikarinn UMSK – Andri Fannar Pétursson og Aníta Lóa Hauksdóttir – HK**

Dansparið Andri Fannar Pétursson 17 ára og Aníta Lóa Hauksdóttir 14 ára er eitt allra fremsta dansarar Íslands í flokki ungmenna og eru meðlimir í A -landsliði Íslands í samkvæmisdönsum. Þau hófu að dansa saman í nóvember 2011 en fyrir eiga þau bæði glæstan dansferil og marga íslandsmeistaratitla og titla á stórmótum erlendis svo sem á Copenhagen open og International championchips. Á síðasta ári voru þau í 2. sæti á Íslandsmeistaramótinu í bæði latin dönsum og standarddönsum og fóru þau á heimsmeistaramót fyrir Íslands hönd á síðasta ári í bæði standard dönsum sem haldið var í Schladming í Austurríki og í latin dönsum í Peking í Kína. Nú í febrúar urðu þau í 2. sæti í latin dönsum á Íslandsmeistaramótinu og í 3. sæti í standard dönsum og er búið að velja þau

að fara á heimsmeistaramóti ungmenna í latin dönsum sem haldið verður í Chengdu í Kína þann 13. júlí næstkomandi og einnig á evrópumeistaramót ungmenna í standarddönsum sem haldið er á Spáni þann 29. mars næstkomandi. Andri Fannar og Aníta Lóa ætla sér langt í dansinum og setja alla sína orku og tíma í að verða betri í sinni íþrótt. Þau eru sannarlega þar sem fylgjast má með og eru verðugir og góðir fulltrúar Íslands á erlendri grundu.

#### *5.Frjálsíþróttabíkar UMSK – Kári Steinn Karlsson - Gerplu*

Árið 2012 einkenndist að miklu leyti að góðum og markvissum undirbúningi undir aðalmarkmið sumarsins, Ólympíuleikana í London. Ekki þarf að fara mörgum orðum um glæsilega frammistöðu Kára Steins í maraþonhlaupi leikanna þar sem hann endaði í 42. Sæti af 105 keppendum og sannaði þar með að frábær árangur hans í Berlínarmaraþoninu árið áður var ekki stök bára. Vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana fór minna fyrir Kára Steini á hlaupabrautinni en á fyrri árum. Kári Steinn varð þó þriðji á Norðurlandameistaramótinu í 10 þúsund metra hlaupi síðastliðið sumar. Hann varð einnig Íslandsmeistari í Víðavangshlaupi og í 5 og 10 km götuhlaupum auk Íslandsmeistaratitils í hálfu maraþoni. Venju samkvæmt sigraði hann að auki í öllum öðrum götuhlaupum sem hann tók þátt í með yfirburðum og endaði árið með glæsilegum sigri í Gamlárshlaupi ÍR. Kári er nú í mjög góðri æfingu og stefnir örugglega á fleiri stórafrek á þessu ári.

#### *6.Afreksbíkar UMSK – Auðunn Jónsson - Breiðabliki*

Auðunn varð Íslandsmeistari í bekkpresu lyfti 267,5 kg á árinu. Á Íslandsmót í þríþraut mánuðu síðar lyftir hann 1008 kg í samanlögðu. Á Evrópumót í Úkraníu setur hann Íslandsmet og lenti í 2. sæti í réttstöðulyftu og 5. sæti í samanlögðu. Á Heimsmeistaramóti í Puerto ríkó varð Auðunn heimsmeistari í réttstöðulyftu og lyfti 1050 kg í samanlögðu og varð í 8 sæti í samanlögðu. Auðunn er í 9. sæti á heimslistanum í samanlögðu og sjötti í vali íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins og hann var einnig valinn lyftingamaður ársins.

#### *7.Félagsmálaskjöldur – Magnús Örn Helgason - Gróttu*

Magnús Örn Helgason er og hefur alla tíð verið mikill Gróttumaður. Allt frá unga aldri – rétt að nefna reyndar að maðurinn er enn mjög ungur – hefur Magnús verið tengdur nánast öllu sem fram fer í félaginu. Hann hefur verið þjálfari, aðstoðarþjálfar, kynnir á leikjum, miðasölumaður, ritstjóri styrktablaðs, séð um dreyfingar að auglýsingum, fararstjóri og svona mætti áfram telja. Ef eitthvað hefur vantað er auðveldi leiðin ávallt að hringja í Magnús, hann er alltaf klár að ganga í þau verk sem þarf að vinna. Íþróttafélagið Gróttu er stolt að því að Magnús Örn Helgason skuli nú fá félagsmálaskjöld UMSK og óskar honum innilega til hamingju.

#### **Starfsmerki UMSK:**

Almar Guðmundsson,	Stjarnan
Jóhann Steinar Ingimundarson	Stjarnan
Sigurður Sveinn Þórðarsson	Stjarnan
Þorsteinn Þorbergsson	Stjarnan
Hafdís Ebba Guðjónsdóttir	HK
Kristinn Guðmundsson	HK
Hilmar Rafn Kristinsson	HK
Hörður Már Magnússon	HK
Magnús Orri Sæmundsson,	HK
Hannes Sveinbjörnsson	Ýmir
Aðalsteinn Jens Loftsson	Ýmir
Benedikt Guðmundsson	Breiðablik
Einar Ingvarsson	Breiðablik
Heiðar Bergmann Heiðarsson	Breiðablik
Jón Magnússon	Breiðablik
Magnús Skúlason	Breiðablik

Pétur Ómar Ágústsson	Breiðablik
Steini Þorvalds	Breiðablik
Örn Jónsson	Breiðablik
Sigríður Bjarnadóttir	Glóð
Helga Jóhannesdóttir	Afturelding
Kristín Reynisdóttir	Afturelding
Ólafur Óskarsson	Afturelding
Jón Pálsson	Afturelding
Guðni Friðgeirsson	Motomos

### **Silfurmerki UMSK:**

#### **1 Bjarki Már Sverrisson Aftureldingu**

Bjarki Már Sverrisson hóf störf hjá knattspyrnudeild á menntaskólaárum sínum, svo í dag hefur hann þjálfað hjá Aftureldingar í tæp 20 ár. Fyrstu árin í hlutastarfi og á tímabili sem þjálfari í fullu starfi. Nú síðustu árin hefur Bjarki einnig gengt stöðu starfsmanns Barna og unglingaráðs. Í starfi sem þessu eru stundirnar í sjálfbóðaliðavinnu fyrir félagið ófáar, enda fléttast saman hjá Bjarka gríðarlegur áhugi á knattspyrnu sem og félaginu sjálfu, þannig að skilin milli vinnutíma og sjálfbóðavinnu verða óljós í daglegu amstri. Traustari félagsmaður en Bjarki er vandfundinn í Mosfellsbæ, enda sjálfur uppalinn innan yngri flokka félagsins.

#### **2 Kristín Finnbogadóttir Gróttu**

Íþróttafélagið Gróttu er ekki gamalt félag, stofnað 1967. Það hafa margir komið við sögu í uppbyggingu og rekstri félagsins en það er varla hallað á nokkurn mann þó sagt sé að starfið í félaginu síðustu 11 árin hafi allt farið í gegnum hendur Kristínar Finnbogadóttur. Kristín var ráðin til starfa sem framkvæmdastjóri vorið 2002 og síðan verið sem hjartað í félaginu. Félagsmenn og aðstandendur hafa alla tíð haft aðgang að Kristínu frá morgni til kvölds þegar þeir þurfa aðstoð við úrlausn mála. Það er gæfa Gróttu að eiga Kristínu.

#### **3 Kristinn Jóhannesson Breiðabliki**

Kristinn Jóhannesson hefur verið öflugur félagi Breiðabliks í vel á fjórða áratug. Hann var formaður handknattleiksdeildar upp úr 1980 og í fjáröflunarnefnd deildarinnar í mörg ár, m.a. þegar deildin tók þátt í Evrópukeppninni 1987. Hann sat í rekstrarnefnd félagsins í fimmtán ár og hefur verið öflugur styrktaaðili allra deilda í gegnum árin og er það enn. Svona félagar eru ómetanlegir.

#### **4 Valdimar Valdimarsson Breiðabliki**

Valdimar Fr. Valdimarsson hefur verið félagi í Breiðabliki nánast frá fæðingu. Hann æfði og lék með félaginu upp alla yngri flokka og í meistaraflokkum félagsins í knattspyrnu og handknattleik. Hann lék einnig með unglingalandsliðum í knattspyrnu á 8. áratug síðustu aldar og var þar sjálfum sér og félagi sínu til sóma. Valdimar sat í stjórn knattspyrnudeildar, m.a. sem formaður, og stundaði þjálfun yngri flokka félagsins í knattspyrnu um nokkurra ára skeið. Valdimar hefur verið góður og ó,ketanlegur félagi og ætíð sýnt félaginu drengskap og hollustu.

#### **5 Sverrir Hauksson Breiðabliki**

Sverri r Hauksson er fæddur og uppalinn bliki og lék allan sinn feril fyrir Breiðablik. Hann hefur verið öflugur félagi utan sem innan vallar, sat í nefndum og stjórn knattspyrnudeildar m.a. sem formaður 1998 til 2001. Hann hefur alltaf verið tryggur og trúr félaginu og leggur hönd á plóginn þegar leitað hefur verið til hans.

## 6 Þorsteinn Ragnarsson Gusti

Þorsteinn hefur verið félagi í hestamannafélaginu Gusti frá árinu 1982, hann lét strax til sín taka í fjáröflun fyrir félagið og hefur verið einn ötulasti maður fyrir félagið á þeim vettvangi. Þorsteinn hefur verið í rekstrarnefnd reiðhallarinnar frá upphafi og séð til þess að sá rekstur hefur ávallt staðið undir sér. Þorsteinn sat í varastjórn Gust frá árinu 1995 til 1997. Hann var kosinn í stjórn félagsins 2008 og situr enn í stjórn. Þorsteinn hefur verið burðarás í mótahaldi félagsins allt frá því að hann gekk í félagið. Hann var upphafsmaður tölvuvæðingu mótahalds á í Gusti og tölvukeyrði hann fyrsta mót í Gusti uppúr 1990, hefur hann komið að vinnu við flest mót Gusts síðan þá. Einnig hefur hann komið að framkvæmd fjölmargra móta á vegum LH. Þorsteinn sat í fyrstu tölvunefnd LH og kom að frumsmíði „kappa“ og „sport fengs“ sem er miðlægur gagnagrunnur fyrir hestaþróttakeppni. Hefur hann m.a starfað sem leiðbeinandi á þessi forrit síðan þá. Þorsteinn hefur situr í Lottó-nefnd UMSK Þorsteinn er traustur félagi sem ávallt er tilbúinn til að starfa að góðum málefnum ef til hans er leitað.

## 7 Hallur Birgisson Aftureldingu

Hallur Birgisson hefur lagt Aftureldingu lið með sjálfboðavinnu síðustu áratuginna. Fyrst sem foreldri barna sem æfðu knattspyrnu, en síðustu árin sem formaður meistaraflokks kvenna. Eftir 10 ára hlé endurreisti Hallur ásamt góðum hópi féлага, meistaraflokk kvenna árið 2000 strax fyrsta árið komst liðið upp í Pepsí deild og hefur haldið sér þar síðan. Að baki reksturs meistaraflokks í efstu deild liggja ófáar stundir sjálfboðaliða við vinnu. Hallur hefur farið þar fremst í flokki og leggur mikla vinnu og metnað í starfið fyrir stelpurnar.

## 12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal þriggja manna kjörnefnd

Tillaga um þau Birgir Ara Hilmarsson, Ými, Kristínu Finnbogadóttur, framkvæmdastjóra Gróttu og Birgir Bjarnason, HK  
Þingið samþykkti þau samhljóða.

Eftir matarhlé var þingfundi fram haldið.

## Tillögur lagðar fyrir þingið

### 13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.

Tillaga nr. 1

Tillaga frá stjórn UMSK . Valdimar Gunnarsson framkv.stj. lagði fram tillöguna.

89. ársþing UMSK haldið í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi 28. febrúar 2013, samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir UMSK 2013:

Texti:	Áætlun 2013	Raun 2012
<b>Tekjur:</b>		
Íslenskar Getraunir	1.500.000	1.837.891
Lottó ÍSÍ	22.000.000	21.741.364
Lottó UMFÍ	28.000.000	27.608.518
Skattar aðildarféлага	1.120.000	1.110.940
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	3.460.000	3.459.254
Aðrir styrkir og tekjur	1.200.000	2.513.749
<b>Tekjur samtals</b>	<b>57.280.000</b>	<b>58.271.716</b>
<b>Gjöld:</b>		
Lottó:		
Lottó úthlutað til aðildarféлага	38.000.000	36.974.481

Úthlutað úr Afreksmannasjóði	4.500.000	4.557.500
<b>Laun:</b>		
Laun og launatengd gjöld	7.000.000	6.722.665
Áunnið orlof	0	9.070
Ökutækjastyrkir	620.000	600.000
<b>Kostnaður vegna mótahalds:</b>		
Framtíðin	0	28.551
Landsmót 50+	0	1.807.032
Línudans	50.000	25.000
Meistaramót í sundi	180.000	183.100
Sjúkrakassi	0	5.464
Skólahlaup UMSK	200.000	285.178
Unglingalandsmót	600.000	708.788
Verðlaun/viðurkenninga	70.000	73.500
Þátttöku- og keppnisgjöld	0	92.285
<b>Annar kostnaður:</b>		
Auglýsingar	0	13.520
Áhöld og búnaður	50.000	263.613
Aðkeypt þjónusta	300.000	282.375
Bókhald, reikningagerð	280.000	265.746
Burðargjöld	50.000	0
Bækur, tímarit	25.000	0
Ferðakostnaður	25.000	11.000
Framlög og styrkir	1.000.000	1.295.000
Landsmótssjóður	700.000	500.000
Söguritunarsjóður	1.000.000	181.960
Kostnaður vegna afmælis UMSK	0	382.535
Húsaleiga	520.000	508.012
Húsnæðiskostnaður annar	20.000	1.295
Veitingar, fundakostnaður	300.000	271.690
Þing og sérráð	1.000.000	654.693
Ritföng, pappír, prentun	50.000	62.451
Símakostnaður	240.000	238.711
Tryggingar	5000	2.718
Tölvukostnaður	30.000	292.722
	56.815.000	57.300.655
<b>Hagnaður</b>	<b>465.000</b>	

Tillaga um fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt samhljóða án umræðu.

#### **14. Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram.**

Tillaga nr. 2

Tillaga frá stjórn UMSK . Valdimar Gunnarsson framkv.stjóri UMSK lagði fram tillöguna og lagði til að seinni hluti tillögunnar yrði felður niður þar sem ábending hafi borist um að hún samræmdist ekki lögum ÍSí.

*89. ársþing UMSK haldið í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi 28. febrúar 2013, samþykkir eftirfarandi breytingu á lögum UMSK:*

Aðildarfélög skulu senda starfsskýrslur með félag- og iðkendatölum og tölum úr ársreikningum fyrir 15. apríl ár hvert. Fyrir 1. apríl ár hvert skulu félögin skila árskýrslum sínum til sambandsins með endurskoðuðum ársreikningi. Berist árskýrslur ekki fyrir þennan tíma er stjórn sambandsins heimilt að fresta greiðslum á hlutdeild viðkomandi aðila í tekjum Íslenskrar getspá þar til skýrslur berast.

Hafi félag ekki skilað starfsskýrslum og ársskýrslum í tvö ár samfelld má stjórn sambandsins færa félagið á lista yfir óvirkt aðildarfélag. Hafi félag ekki skilað inn skýrslum til sambandsins í þrjú ár samfelld, má stjórn gera tillög til þings um að víkja félaginu úr sambandinu.

Greinin verði 4. grein í lögum félagsins og aðrar greinar sem koma þar á eftir færast til sem því nemur.

*Greinargerð:*

*Aðildarfélög eiga að skila starfsskýrslum í Felix fyrir 15. apríl. Félögin er misdugleg að standa við þennan skilafrest og geta skil dregist hjá mörgum félögum. Einnig hafa félögin verið misdugleg að senda ársskýrslur sínar til sambandsins. Mikilvægt er fyrir okkur sem samtök að á einum stað séu til gögn um aðildarfélögin og erum við þá að hugsa um söguna og varðveislu gagna. Til þess að ýta á félögin að standa við skilafresti teljum við nauðsynlegt að til sé í lögnum ákvæði um frestun á greiðslum Íslenskrar getspár til þeirra. Félög sem einhverra hluta vegna lognast útaf og hætta starfsemi geta hangið inn árum saman sem aðildarfélag þar sem enginn er til að taka ákvörðun um að segja félagið úr sambandinu. Nauðsynlegt er fyrir stjórn sambandsins að hafa heimild í lögum til að taka þessi félög að lista yfir aðildarfélög.*

Umræður:

*1. Þorsteinn, Stjörnunni*

*Lagði til að halda síðasta hluta í lagabreytingunni inni í greinargerðinni.*

*2. Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu*

*Las gr. 4.3 upp og sagði að með því að fella þessa grein niður þá gildi lög ÍSí.*

*3. Þorsteinn, Stjörnunni*

*Tók tillögu sína til baka.*

*4. Hafsteinn Örn*

*Spyr hvort átt er við ársskýrslur eða ársreikninga það sé ekki það sama. Hann sér ekki tilganginn með þessu nema að þetta sé misskilningur hjá honum.*

*5. Valdimar Gunnarsson, framkvæmdastjóri UMSK*

*Svaraði því til að starfsskýrslur færu í gegnum Felix-kerfið og í því samhengi er verið að reyna að hafa ársskýrslur og gögn um aðildarfélögin á einum stað vegna samfellu sögunnar og varðveislu gagna. Það er rétt að UMSK hefur ekki kallað eftir ársskýrslum sl. tvö ár en erum að gera það núna.*



6. *Birgir framkvæmdastjóri HK*

*Leggur til orðið endurskoðuðum verið árituðum reikningum til sambandsins. Þingið samþykkti tillöguna með áorðinni breytingu.*

## **15. Aðrar tillögur lagðar fram.**

Tillaga nr. 3

Tillaga frá stjórn UMSK . Ester Jónsdóttir lagði fram tillöguna.

*89. ársþing UMSK haldið í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi 28. febrúar 2013, þakkar bæjarstjórn Mosfellsbæjar fyrir góðar móttökur og samstarf við framkvæmd Landsmóts UMFÍ 50 + síðasta sumar.*

*Þingið samþykkti tillöguna samhljóma.*

Tillaga nr. 4

Tillaga frá stjórn UMSK. Ester Jónsdóttir lagði fram tillöguna.

*89. ársþing UMSK haldið í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi 28. febrúar 2013, þakkar öllum félögum og einstaklingum sem komu að framkvæmd Landsmóts 50+ í Mosfellsbæ síðasta sumar.*

*Þingið samþykkti tillöguna samhljóma.*

Tillaga nr. 5

Tillaga frá stjórn UMSK. Ester Jónsdóttir lagði fram tillöguna.

*89. ársþing UMSK haldið í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi 28. febrúar 2013, þakkar UMFÍ og ÍSÍ fyrir gerð kannana um ánægju iðkenda innan íþróttreyfingarinnar og hvetjum samtökin til að standa saman að slíkum könnunum í framtíðinni.*

*Þingið samþykkti tillöguna samhljóma.*

Tillaga nr. 6

Tillaga frá stjórn UMSK. Ester Jónsdóttir lagði fram tillöguna.

*89. ársþing UMSK haldið í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi 28. febrúar 2013, hvetur aðildarfélög UMSK til að fjölmenna á Landsmót UMFÍ á Selfossi, Landsmót UMFÍ 50+ í Vík og á Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í sumar.*

*Þingið samþykkti tillöguna samhljóma.*

Tillaga nr. 7

Tillaga frá stjórn UMS Ester Jónsdóttir lagði fram tillöguna.

*89. ársþing UMSK haldið í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi 28. febrúar 2013, hvetur aðildarfélög UMSK til vinna að því að gerast Fyrirmyndafélög ÍSÍ.*

*Þingið samþykkti tillöguna samhljóma.*

Tillaga nr. 8

Tillaga frá stjórn UMSK . Margrét Björnsdóttir lagði fram tillöguna.

*89. ársþing UMSK haldið í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi 28. febrúar 2013, hvetur aðildarfélög UMSK til að móta sér umhverfisstefnu.*

Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu

Tók til máls undir þessari tillögu. Hann sagði að verið væri að vinna umhverfisstefnu fyrir ÍSÍ. Umhverfisstefnan verður væntanlega kynnt á næsta þingi ÍSÍ.

*Pingið samþykkti tillöguna samhljóma.*

Tillaga nr. 9

Tillaga frá stjórn UMSK . Margrét Björnsdóttir lagði fram tillöguna.

*89. ársþing UMSK haldið í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi 28. febrúar 2013, samþykkir að skattur aðildarfélaga sambandsins verði óbreyttur þ.e. 30 kr. pr. félagsmann 16 ára og eldri. Þingið samþykkti tillöguna samhljóma.*

Tillaga nr. 10

Tillaga frá Lottónefnd UMSK.Guðmundur Sigurbergsson formaður nefndarinnar lagði fram tillöguna.

*89. ársþing UMSK haldið í Félagsheimilinu Seltjarnarnesi 28. febrúar 2013, samþykkir eftirfarandi tillögu að breytingu á reglugerð um Lottóúthlutun:*

Lottónefnd UMSK leggur til að reglugerð um úthlutun Lottófjár verði eftirfarandi:

15 % renna til sambandsins 85 % renna til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100 %):

- 10% renna jafnt til félaga með unglingsstarf (18 ára og yngri)
- 20% er skipt skv. iðkendatali (iðkendur 18 ára og yngri eingöngu)
- 60% er skipt skv. félagatali. Tvöfalt vægi er á félagsmenn 18 ára og yngri.
- 10% renna í afrekssjóð UMSK.

Ný aðildarfélög þurfa að hafa starfað í 2 ár áður en þau eiga rétt á Lottótekjum. Á þó ekki við þegar um er að ræða sameiningu félaga innan sambandsins.

#### **Önnur atriði:**

- Nefndin beinir því til stjórnar UMSK að hún beiti sér fyrir á vettvangi UMFÍ að aflétt verði þaki á greiðslur til UMSK.
- Nefndin beinir því til stjórnar UMSK að hún beiti sér fyrir því á vettvangi UMFÍ að úthlutun Lottótekna taki í meira mæli mið af iðkendafjölda.
- Nefndin leggur til að stjórn UMSK taki til endurskoðunar gjaldtöku á hvern félagsmann eldri en 18 ára.

Nefndin lagði upp með tvö atriði í vinnu sinni. Annars vegar að einfalda úthlutunarreglur og gera þær skýrari og gegnsærri og hins vegar að auka vægi iðkendafjölda í úthlutun. Nefndin leit einkum til barna og unglunga í því skyni og hefur fært aldursmark barna og unglunga úr 16 í 18 ár til samræmis við sjálfræðislög.

Nefndin leggur til að fella brott skiptingu (20%) *samkvæmt félagatali innan viðkomandi sveitarfélags eftir að úthlutað hefur verið sameiginlega til allra félaga í sveitarfélaginu miðað við íbúafjölda þess með tvöfalt vægi á félagsmenn yngri en 16 ára.* Þeim fjármunum sem úthlutað var á þennan hátt er nú úthlutað samkvæmt félagatali með tvöföldu vægi á félagsmenn undir 18 ára aldri. Alls yrði því 60% úthlutað á þennan hátt.

Þá ákvað nefndin að leggja til að þeir fjármunir sem stjórn UMSK hefur úthlutað (20%) verði framvegis úthlutað skv. iðkendatali fyrir iðkendur 18 ára og yngri. Úthlutun stjórnar hefur verið óbreytt um langt skeið og með þessum hætti deilast fjármunir á fleiri aðila en áður. Það er í sjálfu sér ekki líklegt að full sátt náist um breytingar á úthlutunarreglum sem grundvallast á því að færa fjármuni frá einu félagi til annars. Meðan þeir fjármunir sem til úthlutunar koma eru ekki að aukast fela breytingar á úthlutunarreglum það í sér að einhverjir bera skarðan hlut frá borði við breytinguna.

Einnig er mikilvægt að úthlutunarreglur séu endurskoðaðar reglulega þannig þær taki mið af aðstæðum í þjóðfélaginu hverju sinni ásamt þróun og breytingum í starfsemi félaganna sjálfra.

Lottónefnd UMSK  
Reykjavík 15 október 2012

Umræður:

1. Páll Grétarsson, framkvæmdastjóri Stjórnunnar leggur fram breytingartillögur við tillögu Lottónefndar UMSK frá Aftureldingu, Gróttu og Stjórnunni.

Hann sýndi fundarmönnum glærur sem fylgja tillögu þeirra.

Markmið tillögunnar er í grundvallaratriðum fjórbætt:

1. Að einfalda kerfið
2. Að tryggja réttláta skiptingu milli sveitarfélaga miðað við fjölda íbúa
3. Að láta fjölda iðkenda ráða skiptingu milli félaga innan sveitarfélaganna í stað fjölda félagsmanna
4. Að auka hlut félaganna í heidarfjárhæðinni.

### **Breytingartillaga frá Aftureldingu, Gróttu og Stjórnunni:**

1. 15% renna til sambandsins
2. 5% renna til Afrekssjóðs UMSK
3. 80% renna til aðildarféлага samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100%):
  1. Þeim 80% sem koma í hlut félaganna verði fyrst skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaganna m.v. upplýsingar í FELIX.
  2. Iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6 – 12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13 – 18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19 – 24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).
  3. Með þessari aðferð skiptir aðferð félaganna við skráningu „félagsmanna“ ekki máli og samanburður á fjölda iðkenda færast inn í nærumhverfið og hefur einungis áhrif á hlutdeild hvers félags úr heildarpotti innan síns sveitarfélags.

### **Reglugerðin taki gildi 01.01.2014**

2. Orri Hlöðversson, formaður Breiðabliks

Flestir sammála um að taka þarf til skoðunar félagsmanna- og iðkendafjölda félaganna.

Hann ræddi um fjölda í félögum en breytingartillaga Aftureldingar, Gróttu og Stjórnunnar kemur illa út fyrir Kópavog. Skýringanna er sennilega að leita meðal annars vegna þess að iðkendur geta verið í tveimur félögum.

3. Páll Grétarsson, framkvæmdastjóri Stjórnunnar

Lottónefndin hefur starfað í 3 ár og leggur hér fram tillögu.

Páll óskar eftir skriflegri kosningu um þessar tvær tillögur, Lottónefndartillöguna og breytingartillögu Aftureldingar, Gróttu og Stjórnunnar.

4. Jón Finnbogason, formaður Gerplu

Þakkar fyrir þá vinnu sem hefur verið lögð í þessar Lottótillögur. Þakkar einnig fyrir hvatninguna fyrir kvennalið Gerplu í hópímleikum.

Á erfitt með að mæla með breytingartillögu Aftureldingar, Gróttu og Stjórnunnar sem eins mætti kalla; „Tökum peninga af Gerplu og dreifum til annarra“. Fullur skilningur hjá framsögumanni um breytingartillöguna.

Hann leggur fram skriflega tillögu, breytingartillaga um tillögu nr. 10.

Tillagan hljóðar svo: **Stjórnin ákveði nýja skiptingu fyrir 1. ágúst 2013**

5. Fundarstjóri benti á að hér liggi fyrir frávísunartillaga og til þess að hún verði samþykkt þá þarf 2/3 fundarmanna.

6. Sigurður Bjarnason frá Stjórnunni

Hann vill klára þetta mál á þessu þingi til þess að hægt verði að taka ákvarðanir.

7. Eiríkur Guðjónsson Ungmennafélaginu Álftanesi

Sat í Lottónefndinni.

Iðkandi hvað er iðkandi, er sanngjarnt að barn sem stundar sund allan ársins hring sé það sama og barn sem er á hestbaki hálfan mánuð á ári. Er það réttlæti.

8. Jón Finnbogason, formaður Gerplu

Vill endilega ná einhverri niðurstöðu með samtali við fundarstjóra.

Hann leggur fram breytingartillögu við tillögu Lottónefndar og dregur fyrri tillögu sína til baka með samþykki fundarstjóra.

Breytingartillaga við tillögu nr. 10

Fyrir liggur tillaga nr. 10 á 89. ársþingi UMSK um breytingu á reglugerð um úthlutun á Lottó.

Af þeirri ástæðu er eftirfarandi breytingartillaga lögð fram við framangreinda tillögu nr. 10:

*Lottónefnd UMSK leggur til að reglugerð um úthlutun Lottófjár verð ákvörðuð af stjórn UMSK.*

Greinargerð:

Fyrir ársþingi liggja fyrir umfangsmiklar og flóknar breytingartillögur á Lottóreglum. Auk þess hafa komið fram aðrar breytingartillögur.

Núgildandi reglugerð sem starfað hefur verið eftir til fjölmargra ára var upphaflega samþykkt af stjórn UMSK og því verður að telja að enn sé í valdi stjórnar að breyta þeim reglum.

Þar sem þessi tillaga gengur lengra en aðrar breytingartillögur á fyrirliggjandi tillögu nr. 10 þá er þess krafist að tillagan verði fyrst borin undir fundinn áður en aðrar tillögur verði bornar undir fundinn.

9. Ingi Þór Hermannsson, Golfklúbbum Oddi

Hagsmunir golfklúbbsins eru afskaplega líkir með báðum tillögnum. Vísun þessu ekki í frá, heldur tökum afstöðu til þess, hér eru tvær ágætis tillögur. Þetta félagatal félaganna er alger froða. Það sem endurspeglar best er iðkendatalið. Tölum út frá því sem við teljum eðlilegt og sanngjarnt.

10. Bjarni Torfi Álfþórsson, Gróttu

Við eigum ekki að fresta þessu máli. Tökum afstöðu.

11. Sigurður Bjarnason, Stjórnunni

Þeir sem eru í skipulögðu íþróttastarfi líður miklu betur en öðrum sem ekki eru í skipulögðu íþróttastarfi. Er að vitna í könnun frá Rannsókn og Greiningu.

12. Sigurjón Sigurðsson, formaður HK

HK ber ábyrgð á þessu máli þar sem þeir fóru fram á þetta fyrir þremur árum.

Þau í HK voru ekki ánægð með skiptingina og flóknar reglur.

Getur tekið undir tillögu Aftureldingar, Gróttu og Stjórnunnar.  
Vill bæta við tillögu Jóns Finnbogasonar; „**Fengi ákveðinn tíma til þess að klára tillögurnar**“

13. Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK  
Það hefur ekki komið tillaga til stjórnar um að hún taki tillöguna.  
Ef það er vilji þingsins að stjórnin afgreiði málið þá gerir hún það.  
Við getum aukið okkar hlut á UMFÍ þinginu og endilega að fjölmenna þar.

14. Jóhann Már Helgason, Aftureldingu  
Afturelding er að tapa peningum. Þetta mál snýst um heiðarleika og jafnrétti. Leggur til að fundurinn klári málið í kvöld.

15. Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu  
Það var erfitt verk að ná lendingu innan ÍSÍ-UMFÍ og UMSK á sínum tíma.  
Tillagan var ekki formlega mótuð hjá UMSK heldur hjá formönnum.

17. Jóhann Ingimundarson, formaður Stjórnunnar  
Það hefur verið ágreiningur í þeim nefndum sem hafa starfað um málið.  
Þegar farið var af stað, var markmiðið að láta reyna á.

#### **Nú hefst kosning um tillögurnar**

Kosið er um tillögu Jóns Finnbogasonar sem gerir breytingatillögu við tillögu Lottónefndarinnar og tillögu Sigurjóns Sigurðssonar sem bætti við stjórnin ákveði nýja skiptingu 1. ágúst 2013 og hljóðar þannig:

#### **Lottónefnd UMSK leggur til að reglugerð um úthlutun lottófjár verði ákvörðuð af stjórn UMSK. Stjórnin ákveði nýja skiptingu fyrir 1. ágúst 2013**

Þá fellur út það sem á eftir fer í tillögu Lottónefndarinnar.  
Atkvæði féllu þannig að já sögðu 31 og nei sögðu 50, tillagan er því felld.

Þá er komið að því greiða atkvæði annars vegar um tillögu Lottónefndar og hins vegar um tillögu Aftureldingar, Gróttu og Stjórnunnar.

Tillaga Lottónefndarinnar heitir L  
Tillaga Aftureldingar, Gróttu og Stjórnunnar heitir P

Atkvæðu féllu þannig að tillaga Lottónefndarinnar fékk 22 atkvæði en tillaga Aftureldingar, Gróttu og Stjórnunnar fékk 59 atkvæði. Tillaga Lottónefndarinnar er því felld.

Tillagan Aftureldingar, Gróttu og Stjórnunnar borin upp og samþykkt samhljóða án umræðu.

#### **16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.**

Engar nefndir störfuðu á þinginu.

#### **17. Afgreiðsla á álitum nefnda.**

Engar nefndir störfuðu á þinginu.

#### **18. Önnur mál**

##### **a) Kosnir fjórir í stjórn Afreksmannasjóðs**

Þeir sem kosnir voru:

Auður Þorsteinsdóttir Gerplu, Sigurður Bjarnason Stjórnunni, Guðmundur Sigurbergsson Breiðabliki og Bjarki Már Sverrisson Aftureldingu.

## **19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit**

### **a) Kosning formanns.**

Í kjöri er Valdimar Leó Friðriksson, Aftureldingu og var hann kosinn einróma. Skoðast hann því rétt kjörinn formaður UMSK til eins árs.

### **b) Kosning tveggja stjórnarmanna.**

Í kjöri eru Ester Jónsdóttir Breiðabliki og Albert H. N. Valdimarsson HK og voru þau kosin einróma. Skoðast þau því rétt kjörin til næstu tveggja ára.

Einar Jóhannsson, Gróttu gaf ekki kost á sér áfram í stjórn UMSK og í kjöri í hans stað er Magnús Gíslason, HK. Var hann kosinn einróma og skoðast hann því rétt kjörinn.

(Margrét Björnsdóttir, Ými situr áfram, var kosin til tveggja ára árið 2012).

### **c) Kosning þriggja manna í varastjórn.**

Í kjöri eru Alda Kolbrún Helgadóttir Breiðabliki, Helga Jóhannesdóttir, Aftureldingu og Guðmundur Sigurbergsson, Breiðabliki.

Svanur M. Gestsson, Aftureldingu og Halldór Valdimarsson, HK gáfu ekki kost á sér áfram.

Voru þau kjörin einróma og skoðast þau því rétt kjörin í varastjórn til eins árs.

### **d) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.**

Í kjöri voru þeir Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu og Kristján Sveinbjörnsson, Álftanesi og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir skoðunarmenn.

Til vara er í kjöri Logi Kristjánsson, Breiðabliki og var hann kjörinn einróma. Skoðast hann því rétt kjörinn sem varamaður skoðunarmanna.

## **20. Þingslit**

Nýkjörinn formaður, Valdimar Leó Friðriksson sleit þinginu formlega með kærnum þökkum fyrir kosninguna og fyrir gott og málefnalegt þing.

Varðandi breytingar á Lottóreglugerðinni sagði Valdimar að það væri ljóst að Lottótekjur munu lækka hjá einhverjum félögum. Í því sambandi nefndi Valdimar að UMSK ætti rúmlega 2 milljónir í sjóði sem mögulega væri hægt að nota til að minnka áfallið. Hann muni ræða það við nýja stjórn.

Þrír aðilar hættu í stjórn þeir Einar Jóhannsson, Halldór Valdimarsson og Svanur M.

Gestsson og færði Valdimar þeim þakkir fyrir. Svanur hefur setið í stjórn og verið formaður til margra ára. Formaður kallaði hann til sín og færði honum blóm og blómavasa í þakklætisskyni fyrir öll árin.

Þingi slitið kl. 22.15

Þingritari,

Margrét Björnsdóttir ritari í stjórn UMSK